

3. bekkur náttúrugreinar kennsluáætlun 2019-2020 fyrir áramót

Kennarar: Marín Gústafsdóttir; Sigríður Karlsdóttir; Særún Hlín Laufeyjardóttir

3

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Markmiðið með Komdu og skoðaðu eldhúsið er að nemendur:

- geri athuganir á því hvað gerist þegar ýmis efni eru leyst upp í vatni
- geri tilraunir um áhrif mismunandi hitastigs á leysni efna
- geri athuganir á hvernig ýmis efni breytast við hita og kulda
- skoði rafmagnstækin í eldhúsinu og ræði um hvaða tilgangi þau þjóna
- fjalli um hvers vegna er mikilvægt að spara orku og endurvinna hluti
- beri saman áhöld og tæki við matargerð fyrir og nú
- þekki geymslu matvæla fyrir og nú
- geri sér grein fyrir að ýmis utanaðkomandi efni eru skaðleg líkamanum
- geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við matargerð
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að hjálpast að við heimilisstörfin
- kynnist fjölbreytilegum vinnubrögðum
- þjálfist í að skiptast á skoðunum og hlusta á aðra

Markmiðið með Komdu og skoðaðu hringrásir er að nemendur læri um og öðlist vissan skilning á:

- hringrás vatnsins, að sama vatnið er notað aftur og aftur.
- að önnur efni eru á sambærilegum hringrásum og vatnið um veröldina.
- að allar lífverur eiga sér ákveðna lífsferla sem ganga hring eftir hring eða í spíral.
- að plöntur eru undirstaða lífs á jörðu og veita dýrum og mönnum bæði fæðu og súrefni.
- að allt efni er samsett úr frumefnum sem eru á stöðugri ferð úr einu efnasambandinu í annað.
- að í náttúrunni er í raun ekkert rusl, úrgangur frá einni lífveru er hráefni fyrir aðra.
- að langmest af orku jarðar kemur frá sólinni og knýr ferla hennar.
- að jörðin er ekki óendanlega stór heldur er hún takmörkuð að stærð og öll efni því til í takmörkuðu magni og þess vegna eru hringrásir efna nauðsynlegar.
- að fólk verður að temja sér að lifa í samræmi við hringrásir náttúrunnar og t.d. endurnýta og endurvinna hluti.
- meginmarkmiðið er þó að nemendur átti sig á að allt í umhverfi og náttúru er hvað öðru háð, hvergi er í raun upphaf eða endir frekar en í hringforminu.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Komdu og skoðaðu eldhúsið

Komdu og skoðaðu hringrásir

Fræðslumyndir

Námsefni á mms.is

Veraldarvefurinn og ýmsar aðrar heimildir

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Byrjendalæsi þar sem við m.a. samþættum náttúrugreinar með samfélagsgreinum og íslensku.

Sjálfstæð skapandi vinnubrögð

Samvinnunám

Vettvangsferðir

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Símat eins og kennaramat/leiðsagnarmat og sjálfsmat

GF náttúrugreinar verklag 3. bekkur - Geta til aðgerða

- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.

GF náttúrugreinar verklag 3. bekkur - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Í máli og myndum miðla hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.
- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.

GF náttúrugreinar verklag 3. bekkur - Ábyrgð á umhverfinu

- Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns.

GF náttúrugreinar viðfangsefni 3. bekkur - Náttúra Íslands

- Útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda.

GF náttúrugreinar viðfangsefni 3. bekkur - Heilbrigði umhverfisins

- Sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra.
- Gert grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferlar veita.

GF náttúrugreinar viðfangsefni 3. bekkur - Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- Gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.